



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR VEGNA ANDLÁTS RONALDS REAGAN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í dag George Bush forseta Bandaríkjanna og Nancy Reagan og fjölskyldu hennar samúðarkveðjur vegna andláts Ronalds Reagan fyrrum forseta Bandaríkjanna.

Í kveðju forseta Íslands var áréttað hve stóran þátt Ronald Reagan átti í að skapa nýja heimsmynd, stuðla að endalokum kalda stríðsins og leggja grundvöll að afvopnun og friðsamlegri sambúð þjóða.

Íslendingar myndu um alla framtíð minnast hins merka leiðtogafundar í Reykjavík, fundar sem hefði markað þáttaskil í veraldarsögunni og verið meðal stærstu stunda í sögu Íslands.

Vonandi myndi sá friðarandi sem einkennt hefði framtíðarsýn Ronalds Reagan á þeim fundi fylgja mannkyni um alla framtíð.

6. júní 2004